


ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

GRENSÁSVEGUR 16A — 108 REYKJAVÍK — ÍSLAND — FAX 680093 — SÍMI 813044
PÓSTHÓLF 8720 — 128 REYKJAVÍK — KENNITALA 420169-6209



Heilbrigðis- og trygginganefnd,
c/o Ágústa H. Lárusdóttir,
Alþingi,
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. 5 147 11519
komudagur 22/4 1994

Reykjavík, 18 apríl, 1994

Umsögn um frumvarp til laga um váttryggingarstarfsemi, 450. mál.

Á fundi miðstjórnar ASÍ þann 20. apríl sl. var eftirfarandi umsögn samþykkt:

Miðstjórn ASÍ hefur eftirfarandi athugasemdir fram að færa um ofangreint frumvarp:


1. Sá frestur sem Heilbrigðis- og trygginganefnd gefur til umsgnar um ofangreint frumvarp var ekki langur og því hefur ekki gefist tími til þess að kafa djúpt ofan í einstakar greinar frumvarpsins. Sérfræðipækning á sviði váttryggingarmála innan ASÍ er ekki mikil og því var valinn sá flötur að gefa umsögn um þá þætti frumvarpsins sem miðstjórn telur skipta mestu fyrir félagsmenn ASÍ sem notendur að váttryggingarþjónustu.
2. Miðstjórn gerir sér grein fyrir að mörg mikilvægustu atriða frumvarpsins eru til komin vegna skuldbindinga sem íslensk stjórnvöld hafa gert vegna EES-samningsins, og að undan þeim skuldbindingum verður ekki vikist. Miðstjórn telur engu að síður að breytingum í frumvörpum sem þessum verði að skipta upp í tvennt. Í fyrsta lagi nauðsynlegar breytingar vegna EES og í öðrn lagi aðrar breytingar sem stjórnvöld telja nauðsynlegar vegna annarra aðstæðna. Á þetta hefur miðstjórn bent á fyrir, m.a. í umsögn til landbúnaðarnefndar vegna breytinga á jarðalögum. Miðstjórn telur skiptingu af þessu tagi nauðsynlega til þess að hægt sé að átta sig á orsökum breytinga á íslenskum lögum.
3. Miðstjórn telur miður að í greinargerð með frumvarpinu komi ekki skýrt fram hverjir hafi samið frumvarpið og standi fyrir þeim breytingum sem lagðar eru til.
4. Miðstjórn vill sérstaklega benda á ákvæði 3. greinar frumvarpsins þar sem fram kemur að lögin gildi ekki um eftirlaunasjóði, lífeyrissjóði og sjúkrasjóði einstakra atvinnustétta. Miðstjórn telur að hér megi gjarnan nefna stéttarfélög eða samtök launafólks í stað atvinnustétta sem er mun víðara hugtak. Miðstjórn

bendir í þessu sambandi á ákvæði 23. gr., tölulið 1.e., þar sem kveðið er á um lífeyrisgreiðslur og ennfremur lið 1.f., þar sem kveðið er á um viðbótargreiðslur vegna líkamstjóns, þ.á.m. við starfsorkumissi. Miðstjórn telur sérstaka ástæðu til þess að taka fram að samkvæmt frumvarpinu er hér um að ræða tryggingarbætur á sviði líftrygginga váttryggingarfélaga og ekki bætur sem grundvallast á bótum lífeyrissjóða, sem eru lögum þessum algerlega óviðkomandi.

5. Miðstjórn telur að ákvæði í lögum váttryggingareftirlit og sérstaka neytendamáladeild sem skuli hafa eftirlit með viðskiptaháttum, sölumennsku og tjónsuppgjóri váttryggingarfélaga sé til bóta hvað varðar hagsmuni neytenda gagnvart váttryggingarfélögum. Sérstök ákvæði um upplýsingaskyldu váttryggingarfélaga eru ennfremur til bóta.

6. Að öðru leyti hefur miðstjórn ASÍ ekki athugasemdir við ofangreint lagafrumvarp.

Virðingarfyllst,
f.h. miðstjórnar ASÍ


Halldór Grönvold